

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8. október 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áhættumat vegna fyrirhugaðrar Fossvogsbrúar

Lagt er til að ráðist verði í áhættumat vegna fyrirhugaðrar Fossvogsbrúar. Metin verði áhætta gangandi og hjólandi vegfarenda á brúnni með tilliti til vindafars. Þá verði einnig metin sú áhætta sem brúin kann að hafa í för með sér fyrir siglingastarfsemi í Fossvogi, einkum vegna þeirrar hættu að bátar sogist undir brúna, sem þar myndist í sjávarföllum.

Greinargerð

Í skýrslu um vindafar á fyrirhugaðri Fossvogsbrú kemur fram að gera megi ráð fyrir 15-20% meiri vindstyrk á brúnni en á Reykjavíkurflugvelli. Haraldur Ólafsson, prófessor í veðurfræði, telur að búast megi við en hvassari vindi á brúnni en áðurnefnd skýrsla gefur til kynna enda sé viðnám, sem vindur fær af jörðu, mun meira á flugvellinum en yfir sjó. Einnig verði brúin í töluverðri hæð yfir yfirborði sjávar, sem geti aukið vindstyrk verulega.

Bent hefur verið á að þrenging, sem unnið er að í Fossvogi vegna brúarsmíðinnar, auki straumhraða undir brúnni og að slíkur straumur geti orðið illviðráðanlegur fyrir litla báta og seglskútur.

Æskilegt er að þessir áhættupættir verði skoðaðir gaumgæfilega áður en framkvæmdir hefjast við sjálfa brúna og metið hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna þeirra.